

Til sveitarstjórnar Strandabyggðar

Á fundi skólaráðs 7. maí 2025 var rætt um leikskólalóð undir liðnum önnur mál og bókuð svohljóðandi áskorun til sveitarstjórnar og skólastjóra falið að senda hana þannig að hægt væri að fjalla um hana fyrir á sveitarstjórnarfundum.

*Leikskólalóðin. Stefnt er á að starf leikskólans færist yfir í grunnskólann í byrjun júní svo hægt sé að hefja vinnuna í lóðinni fyrir.*

*Skólaráð skorar á sveitarstjórn að tímasetja flutning og upplýsa stjórnendur sem allra fyrst um þau áform svo hægt sé að upplýsa foreldra og starfsfólk, sem og að undirbúa flutninginn.*

*Það þarf að vera búið að girða lóðina í grunnskólanum af, yfirfara leiktækin á grunnskólalóðinni og flytja leiktæki af leikskólalóðinni yfir á grunnskólalóð.*